

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Eyravegur 42-44, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 4. desember 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar Eyraveg 42-44 á Selfossi. Deiliskipulagið tekur til færslu á lóðamörkum milli Eyravegs 42 og 44 þannig að lóð 42 minnkar og eru lóðir 44 og 44a sameinaðar í eina lóð. Afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir allt að 75 íbúða fjölbýlishús á lóð 44. Þá er afmarkaður byggingarreitur fyrir verslun og þjónustu á lóð 42.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 6. desember 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. desember 2024